



Litríkt berg í Luki gígnum

Á þessari mynd sést Luki gígurinn á suðurhálendi Mars. Gígurinn myndaðist á botni Uzboi Vallis milli Hale og Holden gíganna, nálægt ármótum Nanedi Vallis. Í miðju gígsins er forn, upphleyptur og fjölbreyttur berggrunnur eins og sjá má af litadýrðinni.